



Fundargerð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykólahrepps
Þriðjudaginn 29. nóvember kl. 14.00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnéfnar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson.
Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð á tölvu og er ein blaðsíða

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 6. október 2011.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun 2012

Farið yfir liði í fjárhagsáætlun undir umhverfis- og náttúruverndarnefnd. Áætlun verður lögð fyrir sveitarstjórn.

3. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál.

Erindi frá nefndarsviðið Alþingis dagsett 17. nóvember 2011.

Nefnin lýsir furðu sinni á því að aðilar komi fram með frumvarp til verndunar svæða án samráðs við sveitarstjórn og íbúa þess. Ákvörðun um verndun svæða á að vera ákvörðun sveitarstjórnar, íbúa sveitarfélagsins og þeirra fagaðila sem þau hafa leitað til. Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum. Samkvæmt nýsamþykktu Aðalskipulagi Reykólahrepps 2006 -2018 er ekki gert ráð fyrir þjóðgarði á umræddu svæði.

Önnur mál (ef einhver). Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15:40
